

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Suðureyrar 1983-2003, svæðið austan Túngötu og Sætúns, Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. mars 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Suðureyrar 1983-2003 frá 10. september 1984.

Breytingin felst í því að:

1. íbúðarbyggð á svæðum B og C fellur brott,
2. íbúðarbyggð á svæði C breytist í opið svæði til sérstakra nota, vegna nálægðar við þjóðveg,
3. íbúðarbyggð á svæði D stækkar lítillega, með 0,4 hámarksnýtingarhlutfalli,
4. opið svæði til sérstakra nota, íþróttasvæði, stækkar í 2,5 ha í samræmi við núverandi notkun,
5. eystri veltenging frá svæði D til vesturs fellur brott,
6. veltenging frá Sætúni til suðurs meðfram opnu svæði til sérstakra nota fellur brott, sem og veltenging frá Sætúni við svæði D,
7. fyrirhugað er um 0,51 ha verslunar- og þjónustusvæði frá Sætúni til suðvesturs inn á opið svæði, með 0,25 hámarksnýtingarhlutfalli,
8. safngata liggur frá Sætúni meðfram hinu nýja verslunar- og þjónustusvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 12. mars 2008.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*